



Hörgársveit

Fréttabréf

11. október 2013 4. árgangur 20. tölublað

Leiðarþing

á vegum Menningarráðs Eypings verður næsta laugardag,
12. október kl. 11-16, í Hlíðarbæ
Nánar á baksíðu fréttabréfsins

Árshátíð félaganna í Hörgársveit

verður í Hlíðarbæ
laugardagskvöldið 26. október nk.
Takið kvöldið frá
Nánar auglýst síðar

Næsti fundur sveitarstjórnar verður

16. október kl. 14:15 í Þelamerkurskóla
(ekki á hefðbundnum tíma kl. 20:00)

Dagskrá fundarins mun birtast á www.horgarsveit.is 14. október

Sundleikfimi

í sundlauginni Þelamörk hefst **16. október**

Timarnir verða á miðvikudögum kl. 18:30. Hver tími kostar 750 kr.

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475
Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is
Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri
Veffang: www.horgarsveit.is

Leiðarþing

Næsta laugardag, 12. október kl. 11-16, stendur Menningarráð Eyþings fyrir Leiðarþingi í **Hlíðarbæ**. Markmið með Leiðarþinginu er að leiða saman fólk og hugmyndir á forsendum sköpunar.

Fólk sem tengist menningarstarfi á starfssvæði Menningarráðs Eyþings hefur kallað eftir vettvangi þar sem hægt er að kynnst áhugaverðum hugmyndum og skiptast á skoðunum um menningarmál á svæðinu. Þingið er liður í að koma á slíkum vettvangi. Leiðarþingið hefst á fjölbreyttum erindum.

Í upphafi þings mun **Sigrún Björk Jakobsdóttir** líta um öxl en hún var fyrsti formaður Menningarráðs Eyþings. **Karítas H. Gunnarsdóttir**, skrifstofustjóri menningarmála í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, byggir erindi sitt á nýrri matskýrslu um menningarsamninga landsbyggðarinnar, jafnframt kallar hún eftir skoðunum þinggesta um hvernig þeir sjái fyrir sér menningarsamninga framtíðarinnar.

Pétur Halldórsson, framkvæmdastjóri Barokksmiðju Hólastiftis, hefur komið að fjölmörgum verkefnum á svæðinu og mun hann miðla með þinggestum þvíhvernig hann hugsar út fyrir kassann þegar kemur að þróun hugmynda. **Guðmundur Oddur Magnússon**, prófessor við Listaháskóla Íslands, fjallar um hvernig hugmyndir verða að veruleika. **Skúli Sæland**, formaður menningarklasans Upplit, sem starfræktur er í uppsveitum Árnessýslu, kynnir hugmyndafræðina að baki Upplits og segir frá fyrstu árum starfseminnar. Að erindum loknum mun **Þórnýr Dýrfjörð** stýra hraðstefnumóti hugmynda, þar gefst þinggestum tækifæri til að miðla hugmyndum, leita eftir samstarfsaðilum og kynnast fjölbreyttum verkefnum. Að lokum taka gestir þátt í vinnustofu þar sem velt verður upp spurningum um nútíð og framtíð menningarmála á svæðinu. Þingið er þátttakendum að kostnaðarlausu en óskað er eftir að þátttakendur skrái þátttöku á netfangið menning@eything.is. Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir menningarfulltrúi Eyþings í síma 464 9935.

Samþykkt um búfjárhald

hefur tekið gildi með birtingu í Stjórnartíðindum. Helstu atriði hennar eru:

- Búfjárhald í þéttbýli er almennt óheimilt, sveitarstjórn er þó heimilt að veita þar leyfi fyrir kanínu- og alifuglahaldi, þó ekki karlkyns alifuglum. Þeir sem hyggjast afla slíks leyfis skulu gera það innan tveggja mánaða frá gildistöku samþykktarinnar, sem var 18. september 2013.

- Skylt er að hafa hross og nautgripi í vörslu, þ.e. að gripirnir gangi ekki lausir utan afgirtra heimalanda, frá 1. janúar til 1. júlí ár hvert.

- Allar reglur sem hafa verið settar um lausagöngu búfjár innan þess svæðis, sem Hörgársveit nær yfir, falla úr gildi.

Samþykktina í heild má lesa á vef Stjórnartíðinda, á vef Hörgársveitar er tenging á viðkomandi stað.